

Læknaráð Sjúkrahúss Reykjavíkur

Læknaráð Landspítalans

Alþingi

Erindi nr. P/22/2104

komudagur 29.4.198

Reykjavík, 21. apríl 1998


Heilbrigðis-og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á læknaögum
nr.53/1988 með síðari breytingum

Stjórnir læknaráða Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans hafa fjallað um ofangreint frumvarp og telja það jákvætt að sett séu lög um skráningu atvika á sjúkrahúsum. Sem betur fer eru flest þessi atvik lítilfjörleg, en þó mikilvægt að halda skrá um þau til þess að geta rannsakað þau frekar í þeim tilgangi að geta komið í veg fyrir þau. Það er því óþarflega mikið við haft að tilkynna öll slík atvik án tafar til forstjóra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þar ætti að ráða mat faglegra yfirstjórnenda.

Stjórnir læknaráðanna telja að gera þurfi greinarmun á skráningarskyldu og tilkynningarskyldu þegar óvæntur skaði verður. Telja stjórnirnar að skrá beri alla óvænta skaða en að tilkynningarskylda taki til óvæntra skaða sem leiði til alvarlegs tjóns og sjúkdóma sem liggi utan ramma eðlilegrar áhættu eða þess sem sjá mátti fyrir.

Virðingarfyllst,


Torfi Magnússon, formaður
læknaráðs Sjúkrahúss Reykjavíkur


Tryggvi Ásmundsson, formaður
læknaráðs Landspítalans